



Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. nóvember 2014

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak, lögum um aukatekjur ríkissjóðs, áfengislögum og lögum um gjald á áfengi og tóbaki, með síðari breytingum (smásala áfengis), 17. mál.

Samtök iðnaðarins (SI) eru í grundvallaratriðum hlynnt frelsi í viðskiptum. Það á jafnt við um viðskipti með áfengi og um aðrar vörur. Samtökin telja hins vegar að á frumvarpinu sem hér er til umfjöllunar séu mjög veigamiklir annmarkar sem gera að verkum að SI leggjast gegn því að það verði samþykkt óbreytt. Það er grundvallaratriði af hálfu SI að innlendir framleiðendur geti keppt við innfluttar vörur á jafnræðisgrunni. Ekki verður séð að óbreytt frumvarp nái því markmiði. Athugasemdir SI snúa fyrst og fremst að eftirtöldum atriðum:

1. Auglýsingar á áfengi eru bannaðar í íslenskum fjölmiðlum. Þrátt fyrir það er ekki hægt að koma í veg fyrir áfengisauglýsingar í erlendu sjónvarpsefni, sem sent er út hér á landi, í netmiðlum og erlendum tímaritum. Þetta hefur í för með sér óþolandi mismunun fyrir innlenda áfengisframleiðendur. Verði sala á áfengi færð til matvöruverslana, og þar með gerð veigamikil breyting á innkaupamynstri áfengis til smásölu, verður jafnframt að leyfa auglýsingar á áfengi. Að öðrum kosti sitja innlendir framleiðendur ekki við sama borð og innflytjendur. SI telja að leyfa eigi áfengisauglýsingar með miklum takmörkunum og að framleiðendur og innflytjendur áfengis verði hafðir með í ráðum við að setja þær takmarkanir. Þeirri skoðun hefur ítrekað verið lýst í fyrri umsögnum. Í frumvarpinu er m.a. vitnað til Danmerkur um sambærilegt fyrirkomulag en það er ósambærilegt þar sem þar eru leyfðar auglýsingar á áfengi.
2. Ekki verður ráðið af frumvarpinu hvernig framsetningu verði hagað inni í verslunum. Helsta tækifæri framleiðenda til að kynna vöru sína er inni í verslunum ÁTVR. Algerlega óljóst er hvernig því yrði hagað í almennum matvöruverslunum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fela allt sterkt áfengi á bak við eða undir búðarborði. Slíkt yrði stórt skref afturábak og myndi hindra vöruþróun í greininni þar sem framleiðendur á íslenskum sérvörum stóla á íslenska markaðinn sem grunn undir útflutning.
3. Verði sala á áfengi færð til matvöruverslana leggja SI áherslu á að áfengisgjaldið verði greitt af smásölum. Eins og staðan er nú er gjaldfrestur smásöluverslana mun lengri en ÁTVR eða allt að tveimur mánuðum en standa þarf skil á áfengisgjaldi tvisvar í mánuði. Áfengisgjald er í mörgum tilvikum mjög stór hluti af verði vörunnar og hefði neikvæð áhrif á rekstur fyrirtækja að þurfa að fjármagna áfengisgjaldið í lengri tíma áður en þeir fá greitt fyrir vöruna.

Í greinargerð með frumvarpinu er tekið fram að það feli í sér eins litla breytingu á lagaumhverfi áfengis og mögulegt er. Samtök iðnaðarins telja það afar misráðið og að þvert á móti þurfi áfengislöggjöfin í heild sinni gagngerrar endurskoðunar við.



Samtök iðnaðarins óska eftir að fá tækifæri til að ræða athugasemdir sínar við Allsherjar- og menntamálanefnd.

Virðingarfyllst,
SAMTÖK IÐNAÐARINS

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Almar Guðmundsson', is written over a horizontal line.

Almar Guðmundsson,
Framkvæmdastjóri